

**REGLUGERÐ**

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Stöðvarfjarðarkauptún  
nr. 171 16. ágúst 1966.

**1. gr.**

Á undan 8. grein komi ný grein, sem verður 8. grein, og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það, svo hljóðandi:

**Um gjöld til hafnarinnar.**

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest, meðan skipið hefur viðdvöl í höfninni. Undanþegin lestagjaldi og bryggjugjaldi eru herskip, skemmtiferðaskip, íslensk vitaskip og varðskip.

**2. gr.**

8. grein, sem verður 9. grein, orðist þannig:

**Lestagjöld.**

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip greiði kr. 1.50 á brúttórúmllest.
- c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 3.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.
- d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmllestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmllest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1000.00. Gjald dagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

**3. gr.**

9. grein, sem verður 10. grein, orðist þannig:

**Bryggjugjöld.**

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10-399 brúttórúmllestir, greiði gjald þetta eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmllest.

**4. gr.**

16. grein, sem verður 17. grein, orðist þannig:

**Vörugjöld.**

1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:

- a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi t. d. benzín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.

- b. Þungavarningur, sekkjavörur, óunnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkja-gerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsollur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

**2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:**

Iðnaðar- og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

**3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:**

- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn.

Af flutningi vinnutækja innanlands má veita allt að 50% afslátt.

- b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvoðn, snyrtivörur.  
c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

**4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:**

Timbur og annað eftir rúmmáli.

**5. fl.: Gjald 1%:**

Sjávarafli lagður á land á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga, um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

**5. gr.**

23. grein, sem verður 24. grein, orðist þannig:

Brot gegn reglugerð þessari verða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggí við að lögum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 9. janúar 1973.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*